

Stjórn Landspítala

Fundargerð

Fundur boðaður	20. október 2023 kl. 13:00-15:30
Staðsetning	Skaftahlíð 24, R (Salur: Furuhlíð 1, 1.h.)
Númer fundar	15
Viðstaddir	<u>Stjórn</u> : Björn Zoéga, formaður, Sólrún Kristjánsdóttir, Gunnar Einarsson, Ingileif Jónsdóttir og Birgir Gunnarsson varamaður.

Áheyrnarfulltrúar starfsmanna: Erla Björg Birgisdóttir, varamaður.

<u>Aðrir</u> :	Runólfur Pálsson forstjóri Landspítala, Þórunn Oddný Steinsdóttir skrifstofustjóri.
Fjarverandi:	Höskuldur H. Ólafsson
Gestir:	Bryndís Guðmundsdóttir, Lilja Stefánsdóttir.
Fundarstjóri:	Björn Zoéga, varaformaður
Fundarritari:	Þórunn Oddný Steinsdóttir

Dagskrá

1. Fundargerð

Samþykkt

2. Fastir liðir

-Skýrsla forstjóra

Forstjóri upplýsir að gríðarleg áhersla sé lögð á vinnu í kringum þjónustutengda fjármögnun, og þá skráningu sérstaklega, bæði á komum og legum. Það hafa ýmsir hnökrar komið upp og unnið er hörðum höndum að því að bæta úr utanumhaldi og framkvæmd skráningar. Farið yfir stöðu skráningar síðustu mánuði og upplýst að hún bendi til betri árangurs í magni veittrar þjónustu en hefur verið. Uppistaðan í villuflokkunum hefur tilheyrt flokknum ófrágengið, þó að meira sé í villuflokki er varðar komur. Stefnir í um 105-110% þjónustu miðað við framleiðsluáætlun ársins, sem er merkilegt vegna þess að það helgast fyrst og fremst af þjónustuaukningu í bráðapjónustunni.

Starfsemisaukningin milli ára kynnt. Alls 6,4% aukning í legum og rúmlega 10% aukning á göngudeildum. Veruleg aukning í skurðaðgerðum. Unnið er að því að greina frekara niðurbrot þessarar tölfræði.

Nýting legurýma kynnt eftir sviðum, rúmanýting er milli 105-110% á öllum sviðum, nema kvenna- og barnasviði og geðsviði, og búið að vera þannig í nokkurn tíma. Kallað eftir því að fjöldi rúma verði kynntur með til að gefa frekari innsýn í fjölgun í opnum rúmum. Forstjóri upplýsir að þær tölur verði framvegis kynntar samhliða og tekur fram að til þess að heimilt sé að loka rúmum á spítalanum þurfi slík tillaga að fara fyrir framkvæmdastjórn til samþykktar. Einnig upplýst að heilt yfir hafi opnum rúmum fjölgað. Spítalinn hafi verið með um 290 bráðarúm en verið með um 340 einstaklinga í þessum rúmum.

Fjallað um stöðu bráðamóttökunnar. Meðalfjöldi sjúklinga sem beið innlagnar á bráðamóttöku í Fossvogi á tímabilinu janúar til september kynntur. Staðan batnaði lítillega í apríl og maí þegar nýja innlagnafyrirkomulagið var kynnt og varð virkt. Spítalinn hefur einu sinni farið á stig 3 síðan nýja verklagið tók gildi en oft verið á stigi 2. Þrátt fyrir þetta helst meðalfjöldi á bráðamóttöku nokkuð óbreyttur.

Farið yfir fjölda þeirra sem liggja inni á spítalanum með samþykkt færni- og heilsumat. Þeir eru fleiri en nokkru sinni áður, eða 86 talsins, þrátt fyrir að bætt hafi verið við rýmum á Vífilstöðum, viðbótum í biðrymum og fleiri aðgerða sem farið hafi verið í. Vangaveltur hafa verið uppi um það hvort

hjúkrunarrýmum hafi í raun fjölgað síðustu ár vegna þess að fækkun á tvímennum hafi fækkað sem jafni út fjölgunina.

Forstjóri fer yfir áhyggjur sínar af komandi vetri vegna þeirrar stöðu sem nú þegar er orðin á spítalanum og telur að líklegt að spítalinn verði á stigi 3 mikið í vetur, sem þýðir 4 sjúklingar umfram viðmið á deild.

Breytingar á stjórnskipulagi sviða kynnt og rætt. Stofnskjal verkefnis kynnt og rætt. Hefur gengið vel þrátt fyrir aðstæður en einnig hefur óánægja komið fram og í þeim tilvikum þarf að útskýra breytingarnar betur. Mikil vinna farið í undirbúning og stærstur hluti skipulagsins nú ákveðinn. Fyrirhugað að kynna niðurstöðu á næsta fundi stjórnar og senda stjórninni góða upplýsingar fyrir fund. Rætt um ný hlutverk í nýju skipulagi, nýja stjórnendurnir sem gert er ráð fyrir að bæta við stjórnskipulagið til að stýra klasa af einingum og svo hlutverk annarra stjórnenda. Unnið er að breytingum á starfstílum og starfslýsingum. Enn fremur er unnið að aðkomu annarra heilbrigðisstétta.

Upplýst að fyrirhugað sé að hafa samráð við stéttarfélag stærstu stéttanna.

Sýnd dæmi um uppsetningu sviðs, útfærslu og breytingum lýst. Tímalínan kynnt og upplýst að vonir standi til þess að hægt verði að klára þetta fyrir 1. desember.

Stjórn upplýst um málþing sem spítalinn hefur haldið síðasta mánuðinn. Tveir fundir þar sem fulltrúar notendasamtaka sátu í pallborði og fengu að upplýsa spítalann um ýmislegt sem betur mætti fara. Stjórnarmenn hvattir til að fara inn á slóð á glærum og horfa á [myndskeiðið](#).

Skýr heilbrigðisstefna, grýtt leið. Titillinn er tilkominn vegna þess að stefnan er að mestu góð en það er erfitt að koma henni í framkvæmd.

Svo var málsþing um öldrunarþjónustu þar sem framkvæmd öldrunarmála var rætt. Áhersla spítalans var hvernig hægt væri að útfæra þjónustuna við aldraða. Þarna voru allir aðilar sem að öldrunarmálum koma saman komnir og var mjög góður samhljómur þar í hópnum. Áhersla á hvernig við komumst á þann stað sem við viljum komast á í þjónustu við aldraða.

Landsöfnun fyrir Grensás einnig rædd, hollvinafélagið stóð að því m.a. í samstarfi við Vodafone. Til að hægt sé að nýta nýbygginguna þarf að tæknivæða. Söfnunin var til að safna sérstaklega fyrir göngubjálfunartæki sem kostar um 60 m.kr. Fleiri tæki og búnaður einnig undir. Söfnuðust 147 m.kr. Mikill árangur og mikið þakklæti til þeirra sem hafa stutt við þetta mikilvæga málefni.

Framundan er kvennaverfall 24. október. Stórmál fyrir spítalann sem stofnun þar sem yfir 80% starfsmanna er konur og við viljum styðja við málefnið en þjónustan er brýn og þarf að vera í öruggum farvegi. Mikill undirbúningur verið í gangi vegna dagsins. Útfærslan verður að öllum líkindum þannig að fjöldi kvenna og kvára getur tekið þátt í þessum dagi – en ekki allir.

Rætt um gjaldtöku fyrir bílastæði á lóðum spítalans. Vaxandi vandræði varðandi bílastæði á ákveðnum stöðum. Niðurstaðan því sú að það sé nauðsynlegt að hafa áhrif á bílafjöldann og þá með gjaldtöku. Þar sem margir gagnrýndu ákvörðunina var ákvörðun tekin um að vinna heildstætt að verkefninu þannig að jafnræði verði tryggt.

-Fjármál

Bryndís Guðmundsdóttir, áætlanastjóri, kemur inn á fundinn.

Bráðabirgðaruppgjör fyrir janúar til september kynnt sem sýnir fram á talsverða bötnun frá fyrra uppgjöri. Um 1,7% betri útkoma en koma fram í síðasta uppgjöri. Kemur þetta til vegna hækkaðs framlags ríkis til reksturs farsóttardeildar, hækkaðs framlags ríkis vegna launaendurmats fyrir kjarasamninga við Læknafélag Íslands, vægi viðbótarlauna í heildaruppgjöri minnkar og tekjur vegna ósjúkratryggðra skila vaxandi plús. Verri staða er þó að finna innan ákveðinna sviða. En uppgjörið bendir til þess að við verðum í -3,4% halla í lok árs. Stærstan hluta þessa halla má rekja til viðbótarlauna sem greidd voru hluta ársins, eða um 1.348 m.kr. en einnig er hluti Covid kostnaður og kostnaður sem tengist kjarasamningshækkunum umfram launaendurmat ríkisins.

Farið yfir stöðuna í þjónustutengdri fjármögnun, rætt um bráðabirgðauppgjör janúar til september 2023 ásamt spá. Bendir allt til þess að umframframleiðsla verði um 5%. Einnig farið yfir stöðuna í biðlistaátaki en gengið var frá samkomulagi við ráðuneytið um átak upp á um 870 m.kr. sem er tiltölulega stórt átak.

Útkomuspá kynnt og rædd en gert er ráð fyrir 928 m.kr. halla í árslok. Endurskoðuð spá verður lögð fram í næstu viku, þ.e. 27. október, og minnisblöð sem fjalla um hvernig rétta eigi við stöðuna hafa verið send HRN, þ.e. um fjármögnun umframframleiðslu skv. DRG, um sérstakan framkvæmdakostnað vegna erfða og sameindalæknisfræðideildar, Vífilsstaða, háþrýstitanks, Covid kostnaðar og farsóttardeildar.

Farið yfir forsendur áætlunar fyrir árið 2024, fjárveitingar skv. fylgiriti fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2024. Heildarfjárveiting rúmlega 96 milljarðar kr. Spítalinn fær um 1,8% raunvöxt frá fyrra ári en frá því dragast sérstakar aðhaldsráðstafanir af launalið, öðrum gjöldum, lækkun ferðakostnaðar og hlutdeild í aðhaldskröfu málefnafræðis. Þegar búið er að gera ráð fyrir þessum þáttum þá er raunviðbót frá fyrra ári 964 m.kr. auk viðbótarfjárveitingar fyrir nýtt verkefni um að styrkja teymi um kynvitund og breytingar á kyneinkennum fyrir fullorðna og börn.

Í vinnslu fyrir 2. umræðu fjárlaga eru beiðnir eða tillögur um fjárveitingu vegna verkefna sem hafa þegar hlotið afgreiðslu upp á um 800 m.kr. sem og annað sem ráðuneytið mun fylgja eftir eins og stækkun á sjóð í tengslum við þjónustutengda fjármögnun, fjárveitingu vegna sérnáms í læknisfræði og fjármögnun vegna húsnæðisframkvæmda sem voru ófyrirséðar. Mikil vinna hefur farið í að sækja fjármögnun í tengslum við sérnámi lækna. Þetta eru um 200 m.kr. sem fer í rekstur á skrifstofunni handleiðslu á öllum spítalanum.

Spítalinn mun skila rekstraráætlun fyrir árið 2024 1. nóvember nk. í áætlanagerfi og til ráðherra. Samkvæmt áætlun er hagræðingarkrafa um 300 m. kr. og hún verður útfærð í samræmi við þær áherslur sem lagðar hafa verið um að hlífa framlínunni.

Upplaggið að rekstraráætlun er á þeim nótum sem fram kemur kynningunni. Endanleg útfærsla mun koma til samþykktar stjórnar.

Bryndís víkur af fundi

3. Staðan í verkefni Nýs Landspítala

Lilja Stefándóttir, deildarstjóri Hringbrautarverkefnis, kemur inn.

Fer yfir þær áherslur sem lagðar verða í kynningunni, annars vegar umgjörð verkefnisins á Landspítala, þ.e. RACI matrixa, staða framkvæmda og þróun á starfsemi tengt nýju og breyttu húsnæði, og hins vegar áfangi 2, þ.e. áherslur spítalans, legurými og ferliþjónusta.

Farið yfir forsendur ákvörðunar um að byggja á Hringbrautarlóðinni. Ákvörðun var tekin um að byggja helmingi minna en gert var ráð fyrir í upphafi og byggði sú ákvörðun m.a. á afstöðu norskra ráðgjafa árið 2009 um að dýrara væri að gera ekkert. Sú stefna tekin að meðferðarkjarni eigi bara að hýsa bráða og flókna starfsemi og að sameinast ætti við Hringbraut. Síðan þá hefur rannsóknarhúsinu verið bætt við en upphaflega átti það að vera í stóra meðferðarkjarnanum. Lög um Nýjan Landspítala við Hringbraut tóku gildi 2010 og í framhaldinu var farið í undirbúning. Alþjóðleg samkeppni var haldin um frumhönnun 2010 og árið 2012 var lögð fram tillaga að nýju deiliskipulagi. Allar skipulagáætlanir samþykktar skv. lögum um opinberar framkvæmdir árið 2013. Notendastudd hönnun, samningar á milli NLSH ohf. og Landspítala frá september 2021 og stýrihópur fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Landspítala og heilbrigðisráðuneytisins árið 2020 sem skilgreina umfang verkefnisins. Mjög jákvætt fyrir verkefnið þegar stýrihópurinn tók til starfa. Verkefnið hefur komist meira á dagskrá eftir að hann var settur á.

Rætt um lögin og mögulega þörf fyrir breytingar á þeim.

Farið yfir atriði er varða minnisblað til fyllingar skipuriti um framkvæmdir við Landspítala sem samþykkt var í stýrihópi um framkvæmdir við Landspítala 8. febrúar 2021. Stýrihópurinn lét vinna ábyrgðarmatrixu sem sýnir hvaða hlutverk hver og einn hefur í þessu verkefni. Farið yfir þau verkefni sem Landspítali er ábyrgur fyrir. Þetta eru verkefni sem varða meginforsendur þarfagreiningar, rekstraráætlun Landspítala í nýju umhverfi, Undirbúning fyrir flutning og mönnun í nýbyggingum og endurbættu húsnæði og skipulagningu og umsjón með flutningum í nýtt og endurbætt húsnæði.

Með nýja húsnæðinu sem er í byggingu verður bráða- og flóknari starfsemi Landspítala öll sameinuð á einn stað við Hringbraut. Þetta er um 2/3 hluti af sómatískri bráðastarfsemi spítalans fyrir fullorðna en nær engar dag- og göngudeildir. Til að gefa samanburð þá er byggingin í Fossvogi 29.000 fm. en allar byggingar innan lóðar á Hringbraut 61.900 fm.

Farið yfir stöðu verkefnisins í október hvað varðar hönnun, uppsteypu, útvaggi, frágang þaka og upplýst um óvissu um verklok, þ.e. að uppfærð áætlun verði birt í lok árs 2023 eða fyrri hluta 2024. Núverandi áætlun geri ráð fyrir að verklok meðferðarkjarna verði í lok árs 2028. Áhersla lögð á að ekki séu vaktar óraunhæfar væntingar um opnun spítalans og tímaáætlanir.

Farið yfir framkvæmdir við rannsóknarhús og við Grensás og rætt um þær breytingar sem framkvæmdirnar hafa í för með sér.

Áréttað að þegar byggingarfasinn er búinn þá sé mikið verkefni eftir við að gera húsnæðið að spítala. Stóru verkefni í því eru að sameina bráðamóttökur, setja upp skurðstofur og gjörgæslur, hjarta- og æðapræðingarpjónustu, legudeildir, lyfjapjónustu, dauðhreinsun og stoðþjónustu.

Heildaráhrif verkefnisins rædd. Verkefni upp á 210 milljarða, stærsta byggingarframkvæmd hingað til á Íslandi. Farið yfir staðsetningu eldri bygging og rætt um hvernig þeim verði ráðstafað. Hvaða reitir eru enn fyrir hendi til að byggja á og áhersla lögð á mikilvægi þess að byggja við hlið meðferðarkjarnans. Þarna verði klárað að byggja skurðstofur, skilun, krabbameinsdeild og fleiri einingar. Mynd sýnd með mismunandi áföngum. Hitt nýja húsið þarf að vera nýtt dag- og göngudeildarhús. Þar verður framþróunin í þjónustunni fyrst og fremst.

Lilja Stefánsdóttir víkur af fundi.

4. Önnur mál

Fundur með heilbrigðisráðuneytinu staðfestur 29. nóvember um aðgerðir í öldrunarmálum.

Dagsetningar næsta árs staðfestar. Fundarboð sent út á næstu dögum.

Ákveðið að Hringbrautarverkefnið verði á dagskrá á öðrum hverjum fundi á næsta ári.